

Alþingi
Erindi nr. P 130/732
komudagur 12.1.2004

Félag prófessora
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi

Þann 5. desember síðastliðinn fól formaður Félags prófessora (FP) undirrituðum að vinna umsögn félagsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi. Frumvarpið felur aðallega í sér breytingar á lögum um einkaleyfi vegna tilskipunar 98/44/EB um lögvernd uppfinninga í líftækni. Frumvarpið skýrir betur en áður hvað er einkaleyfishæft á sviði líftækni og hvað ekki. Til dæmis kemur skýrt fram að unnt er að fá einkaleyfi af dýrum og plöntum ef eiginleikar uppfinningarinnar eru ekki takmarkaðir við plöntu- eða dýraafbrigði. Einnig skýrir frumvarpið hvenær unnt er að öðlast einkaleyfi á genum.


Vinnuhópurinn hefur engar efnislegar athugasemdir við einstaka kafla eða greinar frumvarpsins en bendir á óljósa skilgreiningu í 2. gr. b. Þar er fjallað um að ekki er veitt einkaleyfi fyrir uppfinningu ef hagnýting hennar í atvinnuskyni stríðir gegn allsherjarreglu eða siðgæði. Nefnd eru fjögur dæmi um uppfinningar sem ekki er hægt að veita einkaleyfi fyrir, þar á meðal aðferðir til að einrækta menn. Einræktun má skipta í tvennt: annars vegar “reproductive cloning” (einræktun manna) og hins vegar “therapeutic cloning” (einræktun mannafruma/vefja til lækninga). Þar sem “therapeutic cloning” er ný en vaxandi fræðigrein og atvinnuvegur er mikilvægt að lögin takmarki ekki umsóknir um einkaleyfi á því sviði. Mikilvægt er því að munurinn á “therapeutic” og “reproductive cloning” sé skýr í frumvarpinu.

Í athugasemdum á bls 6 eru nefndar nokkrar gerðir örvera. Í stað orðsins “sýklar” er heppilegra að nota orðið “bakteriur”.

Reykjavík, 5. janúar 2003



Þorsteinn Loftsson



Guðni Á. Alfredsson



Gunnlaugur Geirsson



Eiríkur Steingrímsson